

Fundargerð 8 maí 2023

Mætt eru:

Leikstjórastjóri Sigrún Björk Benediktsdóttir

Stjórn Hans og Grétu: Andrea Ösp Pálsdóttir, Guðmundur Bragason, María Björk Gunnarsdóttir og Stefnir Gíslason.

Umræða á fundi:

1. Rætt var um hvernig starfið hefur gengið. Almennt hefur gengið vel og eru allir á fundi sammála um það.
2. Sigrún fór yfir drög að skóladagatali næsta vetur 2023-2024, Reynt var að samræma starfsdaga milli leik og grunnskóla. Ekki komu athugasemdir um dagatalið
3. Sigrún nefndi að það hafi verið umræða um það að hafa leikskólann lokaðann á milli jóla og nýárs. Reynslan sýnir að það hafa ekki verið mörg börn að mæta á milli jóla og nýárs, jafnvel færri en hafa verið fyrirfram skráð. Þetta er mikill kostnaður í starfsmannahaldi og einnig í eldhúsi. Mögulega verður haft lokað á milli jóla og nýárs árið 2023 til prufu og það auglýst með góðum fyrirvara.
4. Áhugi er á leikskólanum að auka lestrarátak og mögulega að bæta við bókadegi í leikskóladagatalið.
5. Ráðinu barst ein kvörtun frá foreldri. Sneri hún að samskiptum við leikskólann. Foreldrafélagið óskaði eftir að viðkomandi foreldri setti saman erindi um málið og ráðið kom því áfram til Bygðarsambands Odda sem kom því áfram í opinbert ferli.
6. Sigrún kynnti niðurstöður úr innra mati.
Þáttaka foreldra barna á Holti var 50 % en einungis 36% hjá foreldrum barna á Landi, sem ekki getur talist góð þáttaka. Hjá starfsfólki var 100 % þáttaka.
Almennt var niðurstaða könnunar jákvæð og foreldrar jákvæðir í garð leikskólans og hans starfi. Þær athugasemdir sem komu snéru helst að:
 - Bæta leikaðstöðu utandyra við leikskólann
 - Bæta umferðaröryggi á bílastæðum við leikskóladeildirnar, klára merkingar og annan frágang.
 - Bæta upplýsingarsteymi til foreldra.Og eru þessi atriði komin á úrbótaáætlun.
7. Sigrún kynnti niðurstöður starfsmannakönnunar. Könnunin kemur almennt vel út fyrir utan einn starfsmann sem líður ekki eins vel og öðrum í vinnunni, en verið er að vinna að því að hjálpa viðkomandi til betri líðan. Á fundinum var almennt talað um að starfsmannahópurinn væri mjög góður og góður andi innan hópsins. Ekki hefur verið mikið um breytingar í starfsmannahópnum sem öllum fannst mjög jákvætt.
8. Sigrún kynnti niðurstöður líðan barnana í leikskólanum. Sú könnun kom vel úr og börnin eru almennt ánægð og líður vel. Á síðasta ári voru teknir upp barnafundir sem hafa gengið vel og börnin ánægð að það sé hlustað á þau.
9. Vorhátíð verður haldin 2 júní. Vorhátíð verður á sama degi iog útskrift elstu barnanna. Foreldrafélagið mun bjóða upp á hoppukastala og ávexti í íþróttasalnum á eftir útskriftinni.
10. Útskriftarferð elstu nemenda verður 12 maí.
11. Á næsta skólaári mun verða færri börn en hafa verið og því mun líklega fækka um einn starfsmann.
12. Fleira var ekki tekið fyrri á fundi.